



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU





SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Ábyrgðarmenn

Árni Stefán Jónsson, formaður
Garðar Hilmarsson, varaformaður

Umsjón með útgáfu

Sólveig Jónasdóttir

Prófarkalestur

Stefanía Helga Skúladóttir

Forsíðumynd

Sveinn Snær

Forsíðumyndin er táknmynd fyrir kjarabaráttu obinberra starfsmanna.

Umbrot og prentun

Guðjón Ó – vistvæna prentsmiðjan



Sameyki stéttarfélag í almannabjónustu

Grettisgata 89
105 Reykjavík
Símar: 525 8340, 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
www.sameyki.is

ISSN: 1670-881

Eru kjarasamningar skiptimarkaður?



Undanfarnar dagar og vikur hafa einkennst af fjölda funda bæði samninganefnda með viðsemjendum og vinnustaðafundum með félagsfólki.

Fundir með viðsemjendum hafa gengið upp og ofan. Sumir samningar eru komnir aðeins lengra áleiðis en aðrir og rætt hefur verið um flest atriði þeirra. Enn strandar þó á stóru málunum sem við ásamt fleirum höfum beitt okkur fyrir undir merkjum BSRB, þ.e. stytting vinnuvikunnar og jöfnun launa milli markaða. Aftur og aftur eru atvinnurekendur að reyna að stilla umræðunni þannig upp að þeir láti okkur fá eitthvað en í staðinn þurfum við að skila einhverjum réttindum til baka.

Að sitja við samningaborðið undanfarnar vikur hefur verið eins og að starfa á skiptibókamarkaði. Þetta er auðvitað aðferðafræði sem stundum hefur verið notuð en í þessum samningaviðræðum hefur hún verið alls ráðandi. „Þetta er eins og að hella milli glasa“ sagði einn úr okkar hópi eftir enn einn samningafundinn.

Það hefur komið okkur verulega á óvart hvernig viðsemjendur hafa sett fram tilboð um launabreytingar. Þeir hafa gjarnan sagt tilboðin í anda lífskjarasamningsins en í honum er gerður skýr greinarmunur á því sem þeir sem eru á markaðslaunum fá og hinum. Þeir sem eru á svokölluðum markaðslaunum þ.e. fara ekki eftir taxta fá 68 þúsund kr. hækkun á mánaðarlaun á samningstímanum en hinir sem eru á taxtalaunum fá 90 þúsund.





Í tilboðunum frá viðsemjendum eru opinberir starfsmenn allt í einu komir á markaðslaun. Það eigum við erfitt með að skilja eins og félagsmenn geta eflaust ímyndað sér. Ekkert okkar kannast við að vera eða hafa nokkurn tímann verið á markaðslaunum hjá hinu opinbera.

Styttist í styttingu?

Fyrir jólin náðum við samkomulagi um útfærslu á styttingu vinnuvikunnar fyrir dagvinnufólk en hægara hefur gengið með vaktavinnufólkið. Snemma í viðræðuferlinu var myndaður vinnuhópur um styttinguna hjá vaktavinnufólki enda um flóknari útfærslu þar að ræða, sá hópur hefur nú sett stíft við og fundað meðal annars um helgar. Við vonumst til að sú vinna skili einhverju. En satt að segja eru fulltrúar okkar í samninganefndum orðnir frekar tortryggir því viðræður við ríkið hafa gengið afar brösuglega svo ekki sé meira sagt. Þar hefur verið bakkað aftur í hvert sinn sem við teljum okkur hafa náð einhverju fram. Allir eru sammála um að ráðast til atlögu og klára þá umræðu enda hafa samningaviðræður meðal annars strandað á kröfum okkar um styttingu vinnuvikunnar fyrir vaktavinnufólk. Við höfum lagt mikla áherslu á þá kröfu frá upphafi og munum ekki skrifa undir samninga nema vaktavinnufólkið okkar fái sitt.

Samhliða þessari vinnu verður unnið að öðrum stórum málum sem enn er ósamið um, svo sem jöfnun launa milli opinbers starfsfólks og starfsfólks á almennum markaði. Þá þurfa aðildarfélögin að ræða launahækkanir, en umboðið til að ræða um launaliðinn er hjá hverju félagi fyrir sig, ekki á sameiginlegu borði BSRB.

Hugur í okkar fólki

Í ljósi þess hve samningaviðræðurnar hafa tekið langan tíma og hversu mikillar óþolinmæði gætir í okkar hópi þá höfum við undanfarna daga heimsótt nokkra stærstu vinnustaðina. Á fundunum hefur verið rætt um stöðuna í kjaraviðræðunum og afstöðu félagsfólks til mögulegra aðgerða til þess að þrýsta á um að samningar náist. Á öllum fundunum hefur komið fram skýr afstaða fólks. Krafan er kjarasamninga strax - við erum tilbúin í aðgerðir ef á þarf að halda.

Baráttufundur

Samhliða viðræðum hefur verið boðið til sameiginlegs baráttufundar BSRB, BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga í Háskólabíói 30. janúar kl. 17:00. Á sama tíma verður fundur í Hofi á Akureyri og jafnvel víðar. Forsíðan hjá okkur að þessu sinni er einmitt táknmynd þess fundar og baráttu opinberra starfsmanna á landsvísi sem eru orðnir langþreyttir á að sjá ekki fyrir endann á samningaviðræðunum. Við hvetjum fólk til að fylgjast vel með bæði á vefsíðu félagsins en einnig á facebook og instagram.

Árni Stefán Jónsson formaður
Garðar Hilmarsson varaformaður



Gott að vita!

Námskeið og fyrirlestrar
á vegum Sameykis

Vor 2020

Sameyki býður upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á vorönn 2020. Hér eru kynnt námskeið sem haldin verða á höfuðborgarsvæðinu en einnig verða námskeið í boði á Vestfjörðum og á Norðurlandi sem kynnt verða síðar. Fræðslunefnd félagsins hefur mótað dagskrána. Stefnan er að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu, bæði stutta og lengri, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er í flestum tilfellum 12 en hámarksfjöldi mismunandi eftir námskeiðum. Því er skynsamlegt fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst.

Skráning hefst 3. febrúar kl. 17:00 á vefsíðu Sameykis www.sameyki.is. Þaðan ertu leidd/ur áfram inn í skráningarkerfi Framvegis sem heldur utan um námskeiðin á höfuðborgarsvæðinu fyrir okkur.

Námskeiðin eru félögum að kostnaðarlausu en nauðsynlegt er að skrá sig. Reglan, fyrstur kemur fyrstur fær, er í heiðri höfð. Við minnum á mikilvægi þess að ef í ljós kemur að fólk getur ekki mætt á námskeiðið sem það hefur skráð sig í þá er mjög mikilvægt að láta okkur vita því alla jafna eru biðlistar á námskeiðin og sárt ef ekki er hægt að fylla sætin.

Nánari upplýsingar veittar hjá Framvegis á helga@framvegis.is eða í síma 581-1900, en Framvegis sér um skipulagningu námskeiðanna. Að gefnu tilefni: þegar þú skráir þig á námskeið vertu þá viss um að smella á „Skrá umsókn“, annars skráist umsóknin ekki.

Ukulele fyrir byrjendur

Dagsetning: 10., 17. og 19. febrúar

Kl. 17:00- 19:00

Lengd: 6 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Svavar Knútur, tónlistarmaður

Áhugavert námskeið þar sem nemendur koma með sitt eigið ukulele. Svavar Knútur kynnir þetta bráðskemmtilega hljóðfæri og fer yfir grundvallaratriði í leik og söng með samspili og leiðsögn.

Hannaðu líf þitt

Dagsetning: Miðvikudagur 12. febrúar.

Kl. 20:00-21:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Ragnhildur Vigfúsdóttir markþjálfari, CDWF og Certified Designing Your Life Coach.

Hvað langar mig til að gera? Hvað get ég gert? Hvernig fer ég að því? Designing Your Life er eitt vinsælasta námskeið sem haldið er í Stanford háskóla í Bandaríkjunum. Þar hafa Bill Burnett og Dave Evens aðstoðað BA og MA nema við að átta sig á því hvað þeir ætli að gera næst. Hvernig þeir vilja hafa líf sitt. Þeir félagar leita í smíðju til Design Thinking og segja að breytingar krefjast ferils, hönnunarferils, til að átta sig á því hvað við viljum og hvernig við náum því. Aðferðin felst í því að hugsa eins og hönnuðir, hanna og búa sér til líf. Þessi aðferð gagnast fólki á öllum aldri, þ.e. fólki sem veltir því fyrir sér hvað skal gera næst, hvað það langar til að gera og hvað það getur gert. Ragnhildur kynnir aðferðina og þátttakendur vinna nokkur verkefni.

Tölvuöryggi

Dagsetning: Þriðjudagur 18. febrúar

Kl. 20:00-21:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Hermann Jónsson hefur starfað í tölvubransanum í fjölda ára, m.a. sem framkvæmdarstjóri hjá tölvuskólanum Isoft, tölvuskólanum NTV og sem fræðslustjóri Advania. Hermann er einn af stofnendum og eigendum Tækninám.is.

Fyrir þá sem vilja fræðast um hættur á netinu og hvernig hægt er að forðast þær. Það finnast margar hættur á netinu og margt ber að varast. En sem betur fer er ýmislegt sem við getum gert til þess að tryggja öryggi okkar og lært að forðast hættur. Á þessu námskeiði förum við yfir öryggismál almennt og lærum hvað við getum gert til að tryggja öryggi okkar. Námskeiðið miðast við að notendur séu með Windows 10 stýrikerfið.

Eftirfarandi spurningar eru á meðal þess sem við leitumst við að svara á þessum fyrirlestri:

- Hvernig passa ég upp á að stýrikerfið mitt sé öruggt?
- Hvað eru tölvuvírusar og hvernig á að verjast þeim?
- Hvað er „malware“ og hvernig á að verjast því?
- Hvað er „ransomware“ og er hægt að verjast því?
- Hvernig þekkjum við falskar vefsíður?
- Hvernig má þekkja falska tölvupósta?
- Hvernig geri ég þráðlausa netið mitt öruggara?



Teppahekl – hentar byrjendum

Dagsetning: Fimmtudagur 20. febrúar

Kl. 19:00-22:00

Lengd: 3 klst.

Staður: Handverkskúnn, Hraunbær 102a, 110 Reykjavík

Leiðbeinandi: Elín Guðrúnardóttir er heklari í húð og hár og tekur heklið með hvert sem hún fer. Elín hefur haldið námskeið síðan 2012 og kennt ótal mörgum að hekla. Hún trúir ekki að það sé nein rétt eða röng leið til þess að halda á heklunál eða hekla, það eina sem skiptir máli er að skapa og hafa gaman. Langar þig að hekla teppi? Þá er þetta klárlega námskeiðið fyrir þig. „Teppahekl er í miklu upphaldi hjá mér, það fyrsta sem ég lærði sjálf að hekla var teppi og þekki ég því vel sjálf hvað teppi eru þægileg byrjendaverkefni“ segir Elín leiðbeinandi á námskeiðinu. Þátttakendur fá 5 uppskriftir af teppum og heklaðar eru prufur en líklega nær enginn að hekla eftir öllum uppskriftum á námskeiðinu sjálfu. Gott er að taka með sér garnaþanga og heklunál sem hæfir, einnig er hægt að kaupa sér garn á staðnum og heklunál.

Hvernig má hætta meðvirkni og hafa gaman af því?

Dagsetning: Þriðjudagur 25. febrúar

Kl. 20:00-21:00

Lengd: 1 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Bjarni Karlsson prestur og doktorsnemi í siðfræði.

Manneskjur eru tengslaverur. Við erum svo háð tengslum við annað fólk að stundum veljum við frekar að lifa í tærandi tengslum en engum tengslum. Það heitir meðvirkni, og því má breyta.

Krem og varasalvi

Dagsetning: Miðvikudagur 26. febrúar

Kl. 17:30-19:00

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Fiskislóð 45

Leiðbeinandi: Vigdís Jóhannsdóttir grunnskólakennari sem hefur kennt allar mögulegar námsgreinar á öllum stigum grunnskólans, hérlandis og erlendis til margra ára. Undanfarin 10 ár hefur hún búið í New York þar sem hún hefur ásamt kennslu verið að kynna sér ýmislegt skemmtilegt sem hún núna deilir með löndum sínum.

Á þessu námskeiði lærir þú að búa til alhliða krem og varasalva út nátturulegu hráefni s.s kókosolíu og býflugnavaxi. Litlir hópar vinna saman með einfaldar uppskriftir og allir þátttakendur fara heim með fulla dós af dásamlegu kremi og varasalva.

Ukulele fyrir aðeins lengra komna

Dagsetning: 3. og 10. mars

Kl. 17:00- 19:00

Lengd: 4 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Svavar Knútur tónlistarmaður.

Fyrir þá sem hafa kynnst ukulele og langar að læra meira. Svavar Knútur tónlistarmaður leiðbeinir lengra komnum á ukulele með tækni, lög, hljóma og hvert skal halda næst á hinu síbreytilega ferðalagi tónlistarinnar. Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa sótt byrjendanámskeiðin í Gott að vita eða kunna eitthvað á hljóðfærið. Þátttakendur koma með sitt eigið ukulele.

Aðsög –sjálfskoðun, tækifæri og áræðni!

Dagsetning: Fimmtudaga 5., 12. og 19. mars

Kl. 17:00-20:00

Lengd: 9 klst.

Staður: Framvegis, Skeifan 11b, 3ja hæð



Leiðbeinandi: Helga Tryggva, náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri

Námskeið er fyrir þá sem vilja taka stöðuna í lífinu, velta fyrir sér styrkleikum og draumum og spá í framhaldið. Stendur þú á krossgötum og/eða ert að velta fyrir þér hvað er næst á dagskrá í lífinu? Er ástæða til að staldra við og skoða hvaða möguleika framtíðin ber í skauti sér? Námskeiðinu er ætlað að styðja þá sem finna hjá sér þörf eða löngun til að vega og meta styrkleika sína og langanir með það fyrir augum að þátttakendur skoði markmið sín og íhugi næstu skref.

Námskeiðið er í 6 lotum:

1. Velferð og hamingja
2. Hvar er ég núna – Af hverju er ég hér?
3. Styrkleikar og hæfni
4. Draumar og ástríða
5. Að taka breytingum fagnandi
6. Áfram veginn

Segja má að námskeiðið sé ferðalag þar sem þátttakendur fara í sjálfskoðun og gera áætlun um næstu skref í lífinu, annað hvort stór eða smá. Tvær lotur eru í hvert sinn og því nauðsynlegt að þátttakendur mæti í alla tímana. Námskeiðið var hannað fyrir þá sem eru 50+ en er nú opið fyrir fólk á öllum aldri.

Akríl pouring - Fluid art

Dagsetning: Þriðjudagur 10. mars

Kl. 18:30-20:30

Lengd: 2 klst.

Staður: Föndurlist, Strandgötu 75, Hafnarfirði

Leiðbeinandi: Geirþrúður Þorbjörnsdóttir eigandi Föndurlistar sem er sjálflærð Mixed Media listamaður með áratuga reynslu í námskeiðahaldi.

Námskeið til að koma fólki af stað í akríl pouring. Þátttakendur gera tvær myndir. Akríl Pouring eða Fluid Art eins og það er oft kallað er tiltölulega ný en mjög vinsæl aðferð í myndlist. Markmið námskeiðsins er að koma þér af stað í þessari skemmtilegu tækni. Við þynnum akríl málningu með ákveðnum efnum og látum þetta fljóta yfir strigann. Útkoman er mjög skemmtileg og er þetta lang vinsælasta námskeið Föndurlistar. Notuð eru fyrsta flokks efni og gera þátttakendur 2 myndir, 30x40 og 25x30 á strekktan striga. Athugið að myndirnar verða ekki orðnar nógu þurrar til að taka með heim sama kvöld.

Páskaeggjagerð 1

Dagsetning: Tvö námskeið miðvikudaginn 11. mars

Fyrri námskeiðið **kl.** 17:30-19:00

Seinna námskeiðið **kl.** 20:00-21:30

Lengd: 1,5 klst

Staður: Konfektvagninn (nánari staðsetning auglýst síðar)

Leiðbeinandi: Halldór Kr. Sigurðsson bakari og konditor. Hann hefur í 22 ár kennt áhugasömum að búa til dýrindis konfekt, kransakökur og páskaegg.

Enn og aftur bjóðum við upp á þessi vinsælu páskaeggjanámskeið í samstarfi við Konfektvagninn (Chocolatetrailer). Þátttakendur búa til egg úr ekta súkkulaði, þ.e. úr ljósu mjólkursúkkulaði frá Nóa Sírius. Þátttakendur læra að tempra súkkulaðið.

Spænska fyrir ferðamenn

Dagsetning: Mánudaga 16., 23. og 30. mars

Kl. 18:00-20:00

Lengd: 6 klst.

Staður: Framvegis, Skeifan 11b, 3ja hæð

Leiðbeinandi: Gerður Gestsdóttir, löggiltur skjalapýðandi úr spænsku á íslensku og túlkur.

Á þessu örnámskeiði eru kennd grundvallaratriði í samskiptum á spænsku. Spænska er einfaldari en margir halda og hægt að komast langt með smá innsýn í tungumálið. Á þessu örnámskeiði lærir þú grundvallaratriði í samskiptum svo sem að heilsa og kveðja og þakka fyrir þig; að komast á milli staða, spyrja til vegar og nota samgöngur; bjarga þér í búðum og veitingastöðum, getað spurt um vörur og skilið matseðilinn; lesa úr kortum bæði á pappír og í símanum. Að lokum verður kennt á einföld hjálpartæki sem finna má í flestum snjallsímum.

Google Drive fyrir byrjendur

Dagsetning: Þriðjudagur 17. mars

Kl. 20:00-21:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Sigurður Haukur Gíslason kennsluráðgjafi. Sigurður hefur mikla kennslureynslu úr grunnskóla og hefur meistaraþróf í náms- og kennslufræði frá HÍ með áherslu á upplýsingatækni og miðlun.

Það er alls konar í snjalltækjunum og tölvunum okkar sem við kunnum ekki endilega á. Google er eitt þeirra. Google Drive er ókeypis gagnageymsla fyrir ýmiskonar skjöl s.s. textaskjöl og leikhúsmiða. Gögnin eru geymd í skýi og því aðgengileg í tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum. Á námskeiðinu verður kennt á Drive, Docs, Calendar, Photos og Maps. Reiknað er með virkri þátttöku þeirra sem sækja námskeiðið og því þurfa þátttakendur að koma með fartölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma á námskeiðið.

Lifandi hefðir á Íslandi

Dagsetning: Miðvikudagur 25. mars

Kl. 18:00-19:00

Lengd: 1 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Vilhelmína Jónsdóttir doktorsnemi í menningararfsfræðum og verkefnisstjóri vefsins lifandihefdir.is

Hvað eiga saumaklúbbbar, ættarmót, jólasveinar og laufabrauðsgerð sameiginlegt? Hvað eru lifandi hefðir? Eru hefðir menningararfur sem þarf að varðveita? Af hverju telur UNESCO mikilvægt að varðveita lifandi hefðir?

Vefurinn lifandihefdir.is opnaði í lok árs 2018. Á vefnum er að finna upplýsingar um fjölbreyttar lifandi hefðir sem stundaðar eru hér á landi sem sumar hverjar eiga djúpar rætur í fortíðinni á meðan aðrar eru nýjar af nálinni. Vefurinn byggir á þátttöku fólks á öllum aldri sem hefur áhuga og vilja til að deila og miðla sinni þekkingu. Í erindinu fjallar Vilhelmína Jónsdóttir, verkefnisstjóri vefsins lifandihefdir.is, um verkefnið og forsendur þess ásamt því að kynna möguleika fólks á að taka þátt í að skrásetja lifandi hefðir.

Matur og loftslagsbreytingar

Dagsetning: Fimmtudagur 26. mars

Kl. 17.30-22.00

Lengd: 4 til 4,5 klst.

Staður: Hússtjórnarskóli Reykjavíkur, Sólvallagötu 12



Leiðbeinandi: Dóra Svavarsdóttir er margreyndur matreiðslumeistari og hefur haldið fjölda námskeiða í gerð grænmetisrétt. Hún er eigandi Culina veitinga, fyrrum eigandi veitingastaðarins „Á næstu grösum“.

Loftslagsvænn matur verður eldaður og fjallað verður um

áhrif þess sem við borðum á losun gróðurhúsalofttegunda. Matvælaframleiðsla er einn af stærstu einstöku losunarpóstunum á gróðurhúsalofttegundum. Skiptir þar miklu máli hvað við veljum að borða, hvaðan það kemur, hvernig við geymum og göngum um matinn og síðast en ekki síst hvort við séum að sóa matnum okkar. Á þessu námskeiði förum við yfir kosti þess að auka við grænmetisfæði og tvinna það við hefðbundið mataræði og hvernig hægt er að nýta og nota afganga í nýjar krásir. Hvernig best er að geyma matvæli og hvað má frysta og hvernig. Allir þátttakendur elda nokkra rétti sem við síðan borðum saman í lok námskeiðs. Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér eitthvað sem hefur dagað uppi í skápum, t.d. þurrvöru sem við getum notað, m.a. til að töfra fram nýjan mat. Eins er fólk hvatt til að taka með sér svuntu, inniskó og ílát til að taka með sér smakk handa svöngu fólki sem bíður heima.

Hvað er svona furðulegt við furðusögur

Dagsetning: Miðvikudagur 1. apríl

Kl. 18:00-19:30

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Leiðsögukona er Úlfhildur Dagsdóttir. Hún er bókmenntafræðingur og bókaverja.

Umfjöllun um fyrirbærið furðusögur út frá nokkrum nýlegum íslenskum dæmum. Furðusögur er regnhlífarhugtak yfir bækur sem falla utan raunsæisrammans. Þetta eru fantasíur, vísindaskáldsögur og hrollvekkur. Oft blandast þessar þrjár greinar saman. Furðusögur sækja iðulega í sagnaarf, þjóðsögur og ævintýri og eiga sér þess vegna djúpar rætur í menningu og sögu. Sem dæmi má nefna Ljónið og nornina eftir Hildi Knútsdóttur, sem vísar bæði til fortíðar og framtíðar, bækur eftir Snorra Kristjánsson sem byggja á Íslendingasögum og norrænni goðafræði og vætti eftir Alexander Dan sem sækir í þjóðsagnaarf.



Golfnámskeið

Dagsetning: Tvö námskeið dagana, 6., 7., 20. og 21. apríl

Fyrri námskeiðið **kl. 18:00-19:00**

Seinna námskeiðið **kl. 19:00-20:00**

Lengd: 4 klst.

Staður: Hraunkot, Golfklúbburinn Keilir, Hafnarfirði.

Leiðbeinandi: Andrea Ásgrímsdóttir PGA golfkennari.

Golfnámskeið fyrir þá sem vilja kynnst þessu skemmtilega sporti og læra réttu tækin. Í fyrsta tímanum verða grunnatriði golfsveiflunnar kynnt, farið yfir búnað og annað sem skiptir máli. Í framhaldinu verður unnið nánar með grunnatriðin og stutta spilinu bætt við, vipp og pútt. Þetta námskeið hentar bæði fyrir byrjendur og þá sem eru aðeins komnir af stað í íþróttinni en vilja skerpa á grunnatriðunum. Þátttakendur þurfa sjálfir að koma með golfsett á námskeiðið og nota sín boltakort (sem er hægt að kaupa á staðnum).

Fjallgöngur

Dagsetning: 15., 16. og 20. apríl

Kl. 17:00 til 18:30 fyrsta daginn.

Hina tvo dagana hefjast göngur **kl. 17:30** og gera má ráð fyrir a.m.k. 2 klst.

Lengd: 5,5 klst.

Staður: Grettisgata 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Gróa Másdóttir er lærður gönguleiðsögumaður og vinnur sem slíkur á sumrin. Hún hefur gengið mikið um hálendi Íslands og veit fátt betra en að komast á fjöll. Hún fer með hópa út um allt, m.a. hinn svokallaða Laugaveg, Lónsöræfin og á Hornstrandir.

Námskeið fyrir þá sem horfa til fjalla og langar að drífa sig af stað í göngur. Gönguferðir í náttúrunni eru afar vinsælar um þessar mundir, hvort sem farið er á fjöll eða eftir stígum í nágrenni borgarinnar, enda er fátt yndislegara en að komast út í náttúruna. Á þessu námskeiði verður farið yfir hvað þarf að hafa í huga þegar fólk hyggur á göngur. Hvaða búnað þarf að hafa meðferðis; fatnað, skóbúnað o.fl. Einnig hvað þarf að taka tillit til áður en lagt er af stað. Gönguferðir eru mjög góðar, bæði fyrir líkama og sál og á færi langflest. Fólk þarf bara að byrja rólega og þjálfa sig upp í að komast hærra og/eða lengra. Í fyrsta tíma verður byrjað á Grettisgötunni og farið í göngu þaðan. Gengið verur í Búrfellsgjá og Helgafell í hin skiptin og lætur Gróa vita hvar á að mæta.

Miðbæjarrölt

Dagsetning: Þriðjudagur 28. apríl

Kl. 17:30-19:00

Lengd: 1,5 klst

Staður: Miðbær Reykjavíkur

Leiðbeinandi: Stefán Pálsson sagnfræðingur.

Skemmtileg og fróðleg ganga um miðbæinn með Stefáni Pálssyni sagnfræðingi. Stefán er hafsjór af fróðleik um miðbæinn, sögu hans og staði.



Vetrarleiga, páskar og Spánn í sumar!!

Vetrarleiga orlofshúsa er í fullum gangi. Að venju er hægt að bóka 5 mánuði fram í tímann innanlands en 6 mánuði fyrir Spán. Fyrsta virka dag í mánuði bætist við nýr mánuður.

Þessi regla gildir þó ekki fyrir úthlutunartímabilin, páska og sumur. Þá þarf að sækja sérstaklega um úthlutun á ákveðnum tímum sem tilgreindir eru hér að neðan.



Páskar innanlands

Opið verður fyrir umsóknir 20. janúar til 20. febrúar.

Spánn í sumar

Opið er fyrir umsóknir 15. janúar til 15. febrúar.

Sumar innanlands

Opið verður fyrir umsóknir 6. mars og stendur umsóknartímabilið fyrir sumarið innanlands til 26. mars. Um mánaðarmótin febrúar/mars munu allir félagsmenn fá sent Orlofsblaðið þar sem finna má ítarlega lýsingu á öllum orlofshúsunum okkar og öðrum orlofsmöguleikum auk leiðbeininga um hvernig sækja megi um.

Allar umsóknir og bókanir eru á Orlofsvef Sameykis, auk nánari upplýsinga. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu félagsins ef aðstoðar er þörf. Athugið að ekki skiptir máli hvenær á umsóknartímabilinu er sótt um, kerfið okkar raðar umsóknum eingöngu eftir punktastöðu félagsmanna. Við minnum á að félagar í Lífeyrisdeild Sameykis geta ekki sótt um á umsóknartíma en geta sótt um þegar opnað er fyrir alla félagsmenn, að lokinni úthlutun.



Vinnur þú hjá Stofnun ársins?

Við erum þessa dagana að senda út könnunina um Stofnun ársins og launakönnunina og hvetjum allt okkar fólk til að gefa sér tíma til þess að svara.

Könnunin er unnin af Gallup og við erum í samstarfi við Fjármála- og efnahagsráðuneytið. Okkar fólk fær senda könnun en einnig ríkisstarfsmenn úr öðrum félögum og starfsmenn utan Sameykis á þeim vinnustöðum sem kaupa sig sérstaklega inn í könnuna. Það er því okkar allra hagur að sem flestir taki þátt og svari. Þannig verða niðurstöðurnar áreiðanlegri og gagnlegri fyrir okkur öll. Könnunin er notuð af stjórnendum og starfsfólki til að laga það sem betur má fara og þeir vinnustaðir sem nýta hana best hafa oftast en ekki verið í efstu sætunum.

Könnunin er tvískipt, í fyrri hlutanum er spurt um atriði tengd vinnustaðnum s.s. starfsánægju og traust. Í þeim síðari er spurt um laun og er hann ekki síður mikilvægur. Þann hluta könnunarinnar fá einungis félagsmenn Sameykis sendan. Við nýtum þær niðurstöður meðal annars til þess að fylgjast með launaþróuninni.

Þú hefur allt að vinna

Könnunin gefur okkur gífurlega mikilvægar upplýsingar um starfsánægju og samanburð sem nýtist bæði starfsfólki, stjórnendum og stéttarfélaginu.

Auk þess geta allir þeir sem klára könnunina unnið veglegan vinning því þeir sem klára fara sjálfkrafa í happdrættispott og úr honum eru síðan dregnir 12 vinningar. Í verðlaun eru m.a. 60 þúsund króna gjafabréf frá Icelandair, miðar á Airwaves, helgardvöl í orlofshúsum félagsins og vikudvöl í orlofshúsum félagsins á Spáni.

Nánari upplýsingar um könnunina má finna á sameyki.is/kannanir/



Sameyki eins árs

Sameyki stéttarfélag fagnaði eins árs afmæli sínu 26. janúar síðastliðinn. Eitt ár er síðan félögin SFR stéttarfélag og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar voru sameinuð undir nafni Sameykis. Við höldum upp á daginn með því að leggja okkur öll fram um að ná góðum samningum.

Afmælistertur bíða betri tíma.

Til hamingju við öll !



Aðalfundur Sameykis stéttarfélags í almannabjónustu

Verður haldinn 31. mars 2020 kl. 17:00

Dagskrá fundarins



SAMEYKI

1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
2. Lagðir fram til samþykktar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið almanaksár.
3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga og breytinga á reglum sjóða.
4. Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
 1. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.
 2. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram til samþykktar.
 3. Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
 4. Önnur mál.

HINGA

& EKKI

LENGRA